



Til bæjarráðs,

Kópavogi, 25. ágúst 2026

26081474/999.00 GEF

Efni: Hæðarhvarf 14. Beiðni um skil á lóð.

Undirritaðri hefur borist beiðni frá Ýri Gunnlaugsdóttur kt. 151163-3439 og Sigurði Erni Grétarssyni kt. 020562-5449, dags. 19. ágúst 2026, um skil á úthlutaðri lóð að Hæðarhvarfi 14.

Úthlutun lóðanna var samþykkt í bæjarráði 8. apríl 2025 og var tilboð þeirra metið hagstæðasta tilboð að fjárhæð kr. 29.000.000.

Byggingarréttargjaldið var greitt innan greiðslufrests. Lóðarhöfum var tilkynnt um að lóðarleigusamningur væri tilbúin til undirritunar 4. júní 2025 en hann liggur ennþá óundirritaður og hefur því ekki verið þinglýst á lóðina.

Ekki hefur verið sótt um byggingarleyfi og engar framkvæmdir hafnar, enda er útgefið byggingarleyfi forsenda þess að framkvæmdir geti hafist. Lóðin er veðbandalaus.

Samkvæmt 18. gr. reglna um úthlutun lóða í Kópavogsbæ er heimilt að skila lóðum með samþykki bæjarráðs. Skal lóðarhafi gera grein fyrir ástæðum beiðinnar og stöðu framkvæmda. Ef fallist er á skil lóðar er gatnagerðargjald og byggingarréttargjald endurgreitt við endurúthlutun lóðar en þó eigi síðar en 90 dögum frá tilkynningu um að heimilt sé að skila lóð. Er fjárhæð endurgreiðsla án vaxta og verðbóta.

Líkt og að framan greinir var boðið byggingarréttargjald kr. 29.000.000. Gatnagerðargjöld og önnur tengd gjöld eru lögð á við samþykkt byggingaráforma og hefur því ekki enn komið til álagningar þeirra gjalda.

Þar sem engar framkvæmdir eru hafnar á lóðinni sér undirrituð ekki meinbugi á að beiðni lóðarhafa um skil á lóðinni að Hæðarhvarfi 14 verði samþykkt.

Ef skil á lóðinni að Hæðarhvarfi 14 verður samþykkt óskar undirrituð jafnframt eftir heimild til að auglýsa lóðina aftur til úthlutunar í samræmi við 3. gr. reglna um úthlutun lóða í Kópavogsbæ.

Virðingarfyllst,

Guðrún Edda Finnbogadóttir

Skrifstofustjóri umhverfissviðs

